



LÝÐHEILSU- OG ÆSKULÝÐSNEFND HRUNAMANNAHREPPS

26. Fundur Lýðheilsu og æskulýðsnefndar.

Fundurinn var haldinn í Miðhofi 4a , mánudaginn 20 apríl kl. 20.30

Fundinn sátu: Sigfríð Lárusdóttir, formaður, sem setti fund og stjórnaði, Ragnheiður Björg Magnúsdóttir aðalmaður og Heimir Sigurðsson aðalmaður.

- 1. Íþróttamaður ársins 2025.** Tvær tilnefningar hafa borist nefndinni. Tilnefningar munu fylgja þessari fundargerð en mega ekki verða opinberar fyrr en eftir 17. Júní. Nefndin hefur ekki upplýsingar um að nokkur hafi spilað landsleik né unnið Íslandsmeistaratitil árið 2025.
- 2. Heilsuvika 2026**
Áfram unnið að móta heilsuvikuna.
- 3. Forvarnastefna Hrunamannahrepps**
Farið var yfir uppkast af nýrri forvarnastefnu.

Uppkast af forvarnastefnu Hrunamannahrepps sendist með þessari fundargerð. Ekki bárust neinar athugasemdir frá skólastjórn, formanni félagsmiðstöðvar, skólanefnd eða ungmennaráði. Óskað er eftir að starfsmaður frá sveitafélaginu klári að fara yfir forvarnastefnuna og gefi hana út.

- 4. Leiðbeiningar til nýrrar nefndar**
Nefndin setti saman leiðarvísir fyrir komandi nefnd yfir þau verkefni sem nefndin sinnir.
- 5. Erindi frá Miðfellshlaupinu**

Nefndinni barst eftirfarandi erindi

Ágæta nefndarfólk,

Eins og þið vitið líklega þá hefur verið haldið hér hlaup sem hefur verið kallað Miðfellshlaupið sl. ár. Það verður haldið núna 30. maí n.k. og er það þá í fimmta skiptið sem það verður haldið.

Við stöllum sem að höfum haldið utan um þennan viðburð þ.e. Kolbrún Haraldsdóttir og Arnfríður Jóhannsdóttir auk Gunnars Gunnarssonar sem var starfsmaður Heilsueflandi sveitarfélags, ætlum að láta staðar numið eftir hlaupið í sumar. Þess vegna höfum við samband við ykkur og hvetjum ykkur til að taka við keflinu. Þessi viðburður hefur alltaf tekist mjög vel og verið jákvæð viðbót inn í okkar frábæra samfélag. Við vonum innilega að nefndin taki jákvætt í erindið.

Við erum báðar tilbúnar að aðstoða við undirbúning og framkvæmd hlaupsins.

Með bestu kveðjum,

Kolbrún og Arnfríður.

Nefndin þakkar fyrir þetta erindi og leggur til að nefndin ásamt ungmennaráði taki við keflinu og bæti hlaupinu við Heilsuvikuna og gæti t.d. endað vikuna með Miðfellshlaupinu. Hlaupið yrði þá fyrst með í Heilsuvikunni 2027.

6. Kveðjur frá nefndarmönnum

Nefndin þakkar fyrir lærdómsrík og skemmtileg ár og er stolt af því að hafa verið partur af uppbyggingu í samfélaginu sl. 4 ár.

Fundi slitið kl 21.38